

Umboðsmaður Alþingis og verkaskipting kynjanna

Eftir Höskuld Þráinsson



Höskuldur Þráinsson

Eftir Höskuld Þráinsson: "Kyn orða sem beygjast í kynjum getur þá lagað sig að kyni nafnorða sem þau eiga við"

Starf umboðsmanns Alþingis var auglýst laust til umsóknar fyrir nokkru. Fjórar umsóknir bárust og fjöldiðlar greindu að sjálfsögðu frá því. Eftirfarandi fyrirsagnir voru þá meðal þeirra sem hægt var að velja um:

Fjögur sóttu um starf umboðsmanns Alþingis

Fjórar sóttu um starf umboðsmanns Alþingis

Fjórir sóttu um starf umboðsmanns Alþingis

Væntanlega eru flestir lesendur sammála um að þessar fyrirsagnir séu ekki jafngildar. Flestir myndu væntanlega skilja fyrstu fyrirsögnina (*Fjögur sóttu ...*) þannig að verið væri að segja að umsækjendahópurinn hefði verið blandaður. Hún væri þess vegna út í hött ef síðan kæmi t.d. í ljós í fréttinni að umsækjendur hefðu allir verið konur. Á sama hátt felur önnur fyrirsögnin (*Fjórar sóttu ...*) í sér að umsækjendur hafi allir verið konur og hún væri villandi ef síðan segði t.d. í fréttinni að hópur umsækjenda hefði verið blandaður. Þriðja fyrirsögnin (*Fjórir sóttu ...*) gæti á svipaðan hátt merkt að allir umsækjendur hefðu verið karlar. En hún þarf ekki að merkja það. Fyrirsögn af þessu tagi væri líka eðlileg ef bara væri verið að nefna fjölda umsækjenda, t.d. vegna þess að ekkert annað væri vitað um hópinn eða þá vegna þess að fréttamaðurinn væri bara að draga það að gefa nánari upplýsingar um umsækjendur.

Nú vill svo til að í frétt á mbl.is 29. mars sl. var einmitt notuð fyrirsögnin *Fjórir sóttu um starf umboðsmanns Alþingis*. Með því var ekki verið að segja að allir umsækjendur hefðu verið karlar, aðeins segja frá fjölda umsókna. Í fréttinni sjálfri var hins vegar sagt nánar frá umsækjendum og þá var það gert á þennan hátt: **Fjögur** gáfu kost á sér í embætti umboðsmanns Alþingis og síðan voru þau talin upp, þrír karlar og ein kona.

Það sem nú var rakið varpar nokkru ljósi á verkaskiptingu kynjanna í íslensku máli, en í framhaldi af nýlegri umræðu um kyn hér í *Morgunblaðinu* og víðar er ástæða til að lýsa henni dálítið nánar til skýringar. Í íslenskum mállýsingum er jafnan sagt frá því að í málinu séu þrjú kyn, karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn. Þetta komi annars vegar fram í því að nafnorð séu ýmist karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns og hins vegar í því að lýsingarorð, tölurorð og fornöfn beygist í kynjum. Kyn orða sem beygjast í kynjum getur þá lagað sig að kyni nafnorða sem þau eiga við, sbr. **tveir** (kk.) pennar (kk.), **tvær** (kvk.) bækur (kvk.) , **þrjú** (hk.) blöð (hk.) o.s.frv. Þetta kynjasamræmi kemur líka fram í persónufornöfnum sem eiga við nafnorðin, sbr. *penninn ... hann* (kk.), *bókin ... hún* (kvk.), *blaðið ... það* (hk.).

En málið er ekki alveg svona einfalt eins og sjá má ef eftirfarandi dæmi eru borin saman:

*Forsætisráðherra stýrir fundum ríkisstjórnar, enda er **hann** sá ráðherra sem...*

*Forsætisráðherra kom á fundinn, enda hefur **hún** mikinn áhuga á ...*

Fyrra dæmið gæti verið tekið úr stjórnarskránni. Þar er **málfræðilegt samræmi** milli kynsins á fornafninu hann og **málfræðilega kynsins** á nafnorðinu *forsætisráðherra* . Þetta er almennt ákvæði, ekki vísað í neinn tiltekinn einstakling og þá er þetta

eðlilegt mál. Í seinna dæminu er hins vegar alveg eðlilegt að nota fornafnið *hún* ef verið er að vísa til ákveðinnar persónu sem er kona, eins og forsætisráðherra Íslands er núna. Til aðgreiningar frá því málfræðilega kyni sem lýst er hér framar er stundum talað um **líffræðilegt kyn** í þessu sambandi (eða *eðliskyn* eða *raunkyn*) en kannski væri skýrara að tala um **vísandi kyn** vegna þess að það felur jafnan í sér að vísað er til tiltekinna einstaklinga í samhengi af þessu tagi.

En hvernig tengist þetta áðurnefndri frétt um umboðsmann Alþingis? Jú, tengslin eru þau að hvorugkynið *fjögur* í *Fjögur sóttu* ... og kvenkynið *fjórar* í *Fjórar sóttu* ... hlýtur að vera vísandi, þ.e. það vísar í líffræðilega kynjasamsetningu hópsins. Þess

vegna myndi það t.d. koma alveg flatt upp á okkur ef fyrirsögn fréttar væri *Fjögur sóttu um starf umboðsmanns Alþingis* og síðan kæmi fram í fréttinni að allir umsækjendur hefðu verið konur, eins og bent var á hér framar. Hvorugkynið er sem sé ekki kynhlutlaust í þessu samhengi heldur vísandi, hlýtur að vísa í blandaðan hóp. Karlkynið *fjórir* getur líka verið vísandi í þessu samhengi, þ.e. vísað til þess að allir umsækjendur hafi verið karlar og það kæmi þá fram í fréttinni. En það getur líka verið kynhlutlaust og aðeins átt við fjöldann – eins og reyndar var raunin í fyrirsögninni í mbl.is sem sagt var frá hér framar.

Ástæðan fyrir þessum mun er sú að málfræðilegt karlkyn er hlutlaust eða sjálfgefið þegar um er að ræða töluorð, óákveðin fornöfn eða lýsingarorð sem ekki laga sig að neinu tilteknu nafnorði og vísa ekki heldur í tiltekna einstaklinga. Hvort sem okkur líkar betur eða verr kemur þetta víða fram í málinu, t.d. í orðatiltækjum og málsháttum (*Margur* (kk.) verður af aurum api , þjóð veit þá **þrír** (kk.) vita) , líka þegar talað er um hópa fólks eins og *ríkir* (kk.), *fátækir* (kk.), *aldraðir* (kk.) og sömuleiðis þegar við teljum upphátt (til dæmis í leikjum) án þess að við séum að telja nokkuð sérstakt (*einn*, *tveir*, *þrír*, *fjórir*...) o.s.frv. Í engu þessara dæma sem hér voru talin laga orðin (töluorðin, fornöfnin, lýsingarorðin...) sig að neinu sérstöku orði í kyni og þau vísa ekki heldur í tiltekinn hóp með ákveðinni kynjasamsetningu þótt þau standi öll í málfræðilegu karlkyni. Þau hafa bara almenna, kynhlutlausa merkingu. Þess vegna myndi það ekki þjóna neinum tilgangi, t.d. í nafni jafnréttis, að reyna t.d. að setja hvorugkynsmyndir orðanna í staðinn, enda gengur það yfirleitt alls ekki.

Munurinn á kynhlutlausri almennri merkingu og vísandi merkingu kemur líka skýrt fram ef við berum saman dæmi eins og **Allir** græða á verðbólgunni annars vegar og dæmi eins og **Þið græðið öll** á verðbólgunni . Í fyrra dæminu hefur karlkynið *allir* kynhlutlausa merkingu í almennri staðhæfingu en í því síðara vísar hvorugkynið *öll* í þann hóp sem verið er að ávarpa og gengur því aðeins að hópurinn sé blandaður. Við slíkar aðstæður væri auðvitað óeðlilegt að nota karlkynið.

En er þetta ekki bara málvenja sem einfalt er að breyta eins og ýmsum öðrum venjum? Svarið er nei, þetta er hluti af málfræðilegu kerfi sem síast inn í okkur þegar við tileinkum okkur málið. Það væri óráð að ráðast á einhvern anga af þessu kerfi og ætla sér að breyta honum „með handaflí“, eins og það er stundum orðað. Þess vegna hljómar það einkennilega í eyrum margra, kannski flestra, þegar sagt er – eða skrifað – í fjölmöldum **þrjú greindust með kórónuveiruna á Keflavíkurflugvelli í gær** og síðan er ekkert sagt meira um smitberana. Í frásögnum af

kórónuveirusmitum á landamærunum er nefnilega bara verið að nefna tölu og ekki verið að vísa í tiltekinn blandaðan hóp. Í slíkum fréttum hljómar hvorugkynið *þrjú* einkennilega í eyrum margra vegna þess að hvorugkynið *þrjú* er í eðli sínu vísandi í samhengi af þessu tagi og ekki hlutlaust, eins og þegar var lýst í umræðu um starf umboðsmanns Alþingis hér framar. Þess vegna væri fréttin *Þrjú greindust ...* beinlínis ósönn ef það skyldi nú koma í ljós við nánari athugun síðar að eingöngu hefði verið um konur að ræða. Svo blasir líka við að í raun og veru er ekki hægt að halda hvorugkyninu til streitu í fréttum af þessu tagi – enginn myndi sætta sig við að sagt væri **Eitt greindist með kórónuveiruna ...** ef bara væri verið að nefna tölu smitaðra, en þar er karlkynið *einn* augljóslega eðlilegt (*Einn greindist ...*).

Á svipaðan hátt kemur það illa við marga þegar sagt er í auglýsingum um einhverja fundi eða mannfagnaði **Öll velkomin** í stað hins hlutlausa og venjulega **Allir velkomnir**. Vegna hins vísandi eðlis hvorugkynsins vekur öll hér spurningu á borð við **Öll hver?** í huga margra. Hvaða hóp er átt við? Þetta getur meira að segja hljómað útilokandi fyrir einhverja: Er víst að ég sé hluti af þessum tiltekna hóp sem verið er að vísa til?

Höfundur er fyrrverandi prófessor í íslensku nútímamáli.